



Dagur íslenskrar tungu
mennta- og menningarmálaráðuneyti
Sölvhólgötu 4, 150 Reykjavík
Sími: 545 9500, bréfasími: 562 3068
Netfang: postur@mrn.is
Veffang: www.menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 17. október 2011

Ágæti viðtakandi.

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember

Degi íslenskrar tungu verður fagnað í sextánda sinn 16. nóvember 2011.

Fastlega má gera ráð fyrir að flestir skólar landsins og margar aðrar stofnanir og samtök minnst dagsins með einhverju móti.

Nýr opinber fánadagur á Íslandi.

Degi íslenskrar tungu var fyrir nokkrum árum bætt við íslensku fánadagana. Á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar, 16. nóvember, skal sem sé draga fána að hún á húsum opinberra stofnana.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hvetur skóla og aðrar stofnanir, sem og landsmenn alla, til að huga að því að nota 16. nóvember, eða dagana þar í kring, til að hafa íslenskuna alveg sérstaklega í öndvegi. Hægt er að minnst dagsins með margvíslegu móti, t.d. upplestri, ritunarsamkeppni, verðlaunum og viðurkenningum, handritasýningum, bókakynningum, samkomum af ýmsum toga og tónlistarflutningi svo að fátt eitt sé nefnt.

Minnt er á **vef dags íslenskrar tungu**:

www.menntamalaraduneyti.is/menningarmal/dit/

Þar er m.a. **hugmyndabanki kennara** og upplýsingar um **Verðlaun Jónasar Hallgrímssonar** sem mennta- og menningarmálaráðherra afhendir árlega 16. nóvember.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur falið **Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum** að annast ýmsa verkþætti í tengslum við viðburði á degi íslenskrar tungu 2011. Þeir sem vilja **kynna viðburði sína á vef dags íslenskrar tungu** eru hvattir til að senda upplýsingar á netfangið rosasve@hi.is. Þangað má jafnframt beina fyrirspurnum um hvað eina sem varðar hátíðisdaginn.

Með vinsemd og virðingu,

Svandís Svavarsdóttir
mennta- og menningarmálaráðherra

Guðrún Nordal
forstöðumaður Stofnunar Árna
Magnússonar í íslenskum fræðum